

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Ísteka ehf. Grensásvegi



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	5.12.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
<b>Fyrirtæki</b>	Ísteka ehf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
<b>Heimili</b>	Grensásvegur 8	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6112003150	<b>Flokkur</b>	Lyfjaiðnaður
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Arnþór Guðlaugsson	<b>ÍSAT nr.</b>	21.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik kom fram í eftirlitnu en ein ábending var gerð varðandi hávaða í útblástursviftu.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í fyrsta reglubundna eftirlit Umhverfisstofnunar í Ísteka á Grensásvegi. Ísteka framleiðir lyfjaefni með því að einangra það úr merablóði. Eiginleg framleiðsla á lyfjum fer ekki fram. Fyrirtækið hefur nýlega stækkað húsnæði sitt og hyggur ekki á frekari breytingar á framleiðslunni.

Förgun úrgangs er í góðum farvegi hjá fyrirtækinu, kvittanir frá móttökufyrirtækjum liggja fyrir en einnig eru góðar innri skráningar til staðar.

Frárennsli fyrirtækisins er leitt í gegnum 12 þúsund lítra settank þar sem kísilgúr er felldur úr frárennslinu. Kísilgúrnun er svo komið til móttökuaðila. Mikil þynning á sér stað í tanknum sem hlutleysir mögulega toppa í sýru, basa eða alkóhóli sem komið geta frá framleiðslunni. Sótthreynsibúnaður er á frárennsli en hann er ekki í notkun dagsdaglega. Ekki er nein hreinsun á útblæstri en rekstraraðila hafði borist kvörtun frá nágretta vegna hávaða í útblæstri frá starfsmannaaðstöðu. Var staðfest í eftirlitinu að útblásturinn er frekar hávær og þannig staðsettur að hætta er á að valda ónæði. Rekstraraðili ætlaði að bæta úr því.

### Frávik frá

### Lýsing á fráviki

## ÁBENDINGAR

Lagfæra þarf útblástursviftu svo hún valdi ekki nágörnum óþægindum.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 17.01.2019

Sverrir Aðalsteinn Jónsson







